

Nd.

459. Breytingartillaga

[99. mál]

við frv. til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 5. gr. 2. málsg. orðist svo:

Vextir skulu vera 3½%. Tryggingar eru hinar sömu sem í öðrum deildum Búnaðarbankans. Sparifé þetta skal vera skattfrjálst, svo og vextir af því sem tekjur, ef þeir eru lagðir við höfuðstólinn, enda sé spariféð óuppsegjanlegt nema með minnst 6 mánaða fyrirvara. Skyld er sparifjäreigendum að gera grein fyrir eign sinni í stofnlánadeildinni, þegar þeir telja fram til skatts, þótt sú eign reiknist ekki með við skattaútreikning.